

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Vegna hunda í Reykjavík skal umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðis-samþykktar um hundahald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 52/2002 um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við leyfisveitingu vegna hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 16.300.
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	kr. 24.900.

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 17.500.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 23.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við afskráningu hunds er heimilt að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af umhverfis- og samgöngu-sviði Reykjavíkurborgar er heimilt að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Umhverfis- og samgönguráði er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar ef um er að ræða leiðsöguhunda blindra, lögreglu-, leitar- eða björg-unarhunda. Ber að sækja um slíka lækun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 25/2003 fyrir hundahald í Reykjavík.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 7. desember 2010.

Jón Gnarr.
